



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 27. apríl 2026
26031363/005.05 IA

Efni: Fyrirspurn frá öllum oddvitum minnihlutans.

„Hvaða innstreymi hefur verið í bæjarsjóð Kópavogs vegna byggingarréttargjalda og annarra ólögbundinna lóðagjalda frá árinu 2023. Hvert hefur innstreymið verið vegna gatnagerðargjalda og annarra lögbundinna lóðagjalda á sama tímabili? Upplýsinga er óskað skipt eftir árum þ.m.t. vegna ársins 2026“.

Ár	Gatnagerðar- gjöld	Lóðagjöld, hreyfingar á lyklum	Samtals	Ógreitt 31/12	Athugasemdir
2023	168.752	63.085	231.837	38.140	
2024	590.035	3.093.886	3.683.921	2.280.919	Nær allt greitt 2025
2025	848.192	5.976.894	6.825.086	1.121.464	Mest allt greitt 2026, en tvær lóðir voru
			0		afturkallaðar og verður endurúthlutað 2026
mar.26	45.051	-173.609	-128.558		Bakfært frá 2025

Taflan hér að ofan er unnin samkvæmt bókhaldshreyfingum viðkomandi lykla áður en farið er að vinna færslur sem tengjast beint vinnslu ársreiknings, s.s. varúðarfærslur, birgðabreytingar lóða og færslur gatnaframkvæmda. Ekki er gerður greinarmunur á innstreymi greiðslna vegna gatnagerðargjalda og byggingarréttargjalda, enda færast báðir þessir liðir á sama flokk viðskiptakrafna (undir Ógreitt) og við álagningu gatnagerðargjalda fylgir gjarnan álagning byggingarréttargjalda sem þá er á sama reikningnum.

Það sem er ógreitt í árslok greiðist yfirleitt nær allt á nýju ári. Á fyrstu þremur mánuðum 2026 voru bókuð nettó lóðaskil, tæplega 129 m.kr. Inngreitt vegna reikninga útgefnum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 var um 19 m.kr. Samantekið má reikna með, að innstreymi fjár vegna lóðaúthlutana á þessu tímabili hafi verið í kringum 9,5 milljarðar.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Deildarstjóri greiningardeildar.

